

## Tillaga til 419. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. júní 2018

Tillaga 499. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 23. maí sl. þar sem lagt er til við bæjarstjórn að staðfesta þá niðurstöðu skipulags- og mannvirkjanefndar að ljósleiðaralagning í Dýrafirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða nefndarinnar er að strenglagning ljósleiðara í Dýrafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að staðfesta þá niðurstöðu.

### 7. **Tilkynning um framkvæmd í C flokk - Ljósleiðaralagning Dýrafjörður - 2018050059**

Björn Davíðsson óskar eftir því fyrir hönd Snerpu ehf. að bæjaryfirvöld taki afstöðu til framkvæmdar í Dýrafirði, þ.e. hvort framkvæmdin sé skuli háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. framkvæmda í flokki C skv. viðauka í lögum um umhverfisáhrif 106/2000. Þar sem fyrirtækið ætlar að fara í ljósleiðaralagningu. Fyrirtækið hyggst leggja streng í þremur áföngum þ.e. í fyrsta áfanga á milli Mýrarholts og Fells þ.e. 480, annar áfangi er plæging á Núpsjörð samtals 703 metrar ásamt heimtaugum, í þriðja áfanga er plæging á milli Gemlufalls og Höfðaodda og fram í Hjarðardal, í þessum áfanga er gert ráð fyrir heildarlengd 4050 metrar. Samtals eru stofnstrengir á landi 6.888 metrar, því til viðbótar er sæstrengur um 1600 metrar. Heildarlengd er því 8588 metrar. Fylgigögn eru eftirfarandi þ.e. erindisbréf til skipulags- og mannvirkjanefndar dags. 15. maí 2018, lagnaleyfi Vegagerðar dags. 13. apríl 2018, heimild Ríkiseigna vegna Núps og heimild landeigenda við eftirtaldar jarðir þ.e. Fell, Mýrar, Gil, Fremstuhús, Höfði, Meiri Garður, Gemlufall, Neðri Hjarðardalur og Fremri Hjarðardalur.

*Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila, Niðurstaða nefndarinnar er að strenglagning ljósleiðara í Dýrafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að staðfesta þá niðurstöðu.*